

Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2016 vegna aukaframlags til tónlistarskóla í Reykjavík

Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 60.000 þkr. vegna aukaframlags til tónlistarskóla í Reykjavík í samræmi við samþykkt borgarráðs þann 4. febrúar sl. sbr. mál R15050134. Breytingin verði fjármögnuð af kostnaðarstaðnum 09205 Ófyrirséð og færð á kostnaðarstaðinn M3010:

Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-60.000
M3010	Skóla- og frístundasvið (SFS)	Til	60.000
		Samtals	0

Jafnframt er lagt til að þegar aukaframlag berst frá Jöfnunarsjóði að fjárhæð 60.000 þkr til stuðnings skuldugum tónlistarskólum í Reykjavík verði fjárheimild Skóla- og frístundasviðs hækkuð um sömu fjárhæð og færð á kostnaðarstað M3010 í samræmi við áður tilgreinda samþykkt borgarráðs.

Tillagan felur ekki í sér breytingu á niðurstöðu rekstrar, efnahags eða sjóðsstreymi A-hluta eða samstæðu og þessi fjárráðstöfun kallar ekki á jafnréttismat.

Greinargerð:

Þessi tillaga um viðauka er til að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum breytingum á fjárheimildum ársins 2016 í samræmi við afgreiðslu borgarráðs 4. febrúar sl. á eftirfarandi tillögu, R15050134:

Lagt er til að dreifing fjármuna samkvæmt aukafjárlögum að fjárhæð 60 m.kr. verði skipt milli skuldugra tónlistarskóla í Reykjavík sem boðið hafa tónlistarnám utan þjónusturamma Jöfnunarsjóðs á grundvelli upplýsinga um námsstundir vegna allra nemenda sem stundað hafa formlegt nám eftir að hafa lokið framhalds-stigsprófi að fullu. Þessi útgjöld verði færð á kostnaðarstað M3010 og fjármögnuð af framlagi úr Jöfnunarsjóði.

Lagt er til að viðbótarfjármunum að fjárhæð 60 m.kr. verði ráðstafað úr borgarsjóði og skipt á milli

tónlistarskóla á grundvelli námsstunda reykvískra nemenda í námi á miðstigi í söng og framhaldsstigi í hljóðfæraleik og söng. Þessi útgjöld verði færð á kostnaðarstað M3010 og fjármögnuð af kostnaðarstað 09205, ófyrirséð.

Lagt er til að áður veitt fyrirgreiðsla borgarsjóðs og ofgreiðslur borgarsjóðs vegna þjónustusamninga komi til uppgjörs í tengslum við þessar ráðstafanir.

Tillöggunni skal vísað til samþykktar í borgarstjórn.

Dagur B. Eggertsson